

**TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 93/55/EBE**

frá 25. júní 1993

**um breytingu á tilskipun ráðsins 70/524/EBE um aukefni í fódri**FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

2. gr.

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu,  
með hliðsjón af tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23.  
nóvember 1970 um aukefni í fódri <sup>(1)</sup>, eins og henni  
var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar  
93/27/EBE <sup>(2)</sup>, einkum 7. gr.,

Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórn-  
sýslufyrirmæli til að fara að þessari tilskipun eigi síðar en  
30. júní 1994. Þeim ber að tilkynna framkvæmdastjórninni  
það þegar í stað.

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Í tilskipun 70/524/EBE er kveðið á um að efni viðauka  
hennar verði breytt reglulega með hliðsjón af framförum á  
sviði vísinda og tækni. Viðaukarnir hafa verið kerfisskráðir  
í tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 91/248/EBE <sup>(3)</sup>.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í  
þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun  
þegar þær verða birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja  
nánari reglur um slíka tilvísun.

Notkun hleypi- og þykkingarefnisins „kassíagúmmís“ hefur  
verið prófuð með góðum árangri í tilteknum aðildarríkjum.  
Slíka nýja notkun ber að heimila til bráðabirgða innanlands  
meðan beðið er eftir að það sé heimilað á vettvangi banda-  
lagsins.

3. gr.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari tilskipun eru í  
samræmi við álit fastanefndarinnar um fódur.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 25. júní 1993.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

1. gr.

René STEICHEN

I. viðauka við tilskipun 70/524/EBE er hér með breytt eins  
og fram kemur í viðaukanum við þessa tilskipun.

*framkvæmdastjóri.*

<sup>(1)</sup> Stjttíð. EB nr. L 270, 14. 12. 1970, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjttíð. EB nr. L 179, 22. 7. 1993, bls. 5.

<sup>(3)</sup> Stjttíð. EB nr. L 124, 18. 5. 1991, bls. 1.

VIÐAUKI

Í I. viðauka bætist eftirfarandi liður við E-hluta: „Ýruefni, bindiefni, þykkingarefni og hleypiefni“:

EBE-nr.	Aukefni	Efnaformúla, lýsing	Dýrategund eða -flokkur	Hámarksaldur	Lágmarks-	Hámarks-	Önnur ákvæði
					magn	magn	
					heilmagn, mg/kg		
„E 499	Kassíagúmmí	—	Hundar og kettir	—	—	17 600	Aðeins niðursoðið fóður“